

Ed.

166. Frumvarp til laga

[77. mál]

um ráðstöfun á gengishagnaði af útfluttum sjávarafurðum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 16. des.)

1. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, vegna útfluttra sjávarafurða, samkvæmt ákvæði í 4. gr. laga nr. 69/1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. ákvæðum 2. gr. þessarara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal af því greiða ýmis gjöld og kostnað vegna umræddrar framleiðslu, svo sem hér segir:

- a. Hækkanir á rekstrarkostnaði vegna gengisbreytingarinnar við öflun og vinnslu sjávarafurða, eftir að hið nýja gengi kom til framkvæmda og til ársloka 1967. Sama gildir um hækkanir á flutningsgjaldi, váttryggingariðgjaldi og öðrum samþærilegum kostnaði af afurðum, sem framleiddar hafa verið fyrir árslok 1967, en fluttar eru út eftir gengisbreytinguna.
- b. Bætur til skreiðarframleiðenda vegna markaðserfiðleika.
- c. Bætur til bræðslusíldariðnaðar og fiskimjölsverksmiðja vegna vinnslu haustið 1967.
- d. Bætur vegna verðfalls á frystri rækju framleiddri á árinu 1967.
- e. Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, að þeim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað eftir 24. nóvember 1967. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til aflatryggingasjóðs skv. 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 7. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði síldarleitarskips og um síldargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 1. gr. laga nr. 38 29. apríl 1967, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald.

Framkvæmd á ákvæðum a—d-liða þessarara greinar fer eftir ákvörðun sjávarútvegsráðherra.

2. gr.

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

- a. Allt að einum fjórða til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa.
- b. Allt að einum fjórða til Fiskveiðasjóðs Íslands til þess að greiða fyrir endurskipulagningu fiskiðnaðarins til framleiðniaukningar. Skal fé þetta renna til sérstakrar deildar innan Fiskveiðasjóðs, og setur sjóðsstjórnin nánari reglur um starfsemi deildarinnar að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra. Áherzla skal lögð á nána samvinnu við Ríkisábyrgðasjóð í samræmi við tilgang 10. gr. laga nr. 4 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.
- c. Allt að einum fjórða til sérstaks gengisjöfnunarsjóðs við Fiskveiðasjóð Íslands, er varið skal til lánveitinga vegna gengistaps af lánum til fiskiskipa, sem bundin eru gengi erlends gjaldeyris. Stjórn Fiskveiðasjóðs setur nánari reglur um sjóð þennan að fengnu samþykki sjávarútvegsráðherra.

d. Afganginum sem stofnframlagi til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins, og enn fremur 3. gr. þessara laga.

3. gr.

Stofnfé Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skv. d-lið 2. gr. skal varðveitt í Seðlabanka Íslands, þar til sett hafa verið lög um sjóðinn.

Er gert ráð fyrir, að honum verði skipt í deildir eftir tegundum afurða og hafi deildirnar aðskilinn fjárhag. Í samræmi við það skiptist stofnfé milli deilda eftir því, af hvaða afurðum það hefur verið greitt.

Sá afgangur, sem verða kann af verðbótasjóði frystra fiskafurða 1967, sbr. 6. gr. laga nr. 4 31. marz 1967, skal renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem stofnfé.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests á árinu 1967 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.